

Atvinnuveganefnd Alþingis

Umsögn Veiðifélags Þjórsár um breytingartillögu við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða nr 13/141.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár telur rannsóknum um lífríki Þjórsár verulega ábótavant. Þessari skoðun hefur félagið komið inn í öll umsagnarferli rammaáætlunar, fyrir ýmsum nefndarsviðum Alþingis og hvar þar sem talin hefur verið ástæða til, í þeim tilgangi að stöðva framgang mögulegra framkvæmda í neðri hluta Þjórsár á vegum Landsvirkjunar, nema úr verði bætt. Við gerð tillögu til þingsályktunar fyrir 140. löggjafarþingi, 2011-2012 var gert ráð fyrir þremur virkjunum í neðri hluta Þjórsár í orkunýtingarflokk. Umsagnir sem bárust urðu til þess að Alþingi samþykkti að setja ofangreinda virkjunarmöguleika í biðflokk. Í þeirri þingsályktun segir:

Þjórsá 29 Hvammsvirkjun Rökstuðningur: Hvammsvirkjun (29) og Holtavirkjun (30) var raðað í orkunýtingarflokk í þeim drögum sem send voru til umsagnar 19. ágúst 2011. Í innsendum umsögnum vegna Hvammsvirkjunar (29) og Holtavirkjunar (30) kemur fram að áhrif virkjananna á laxfiska í Þjórsá séu talin óljós og þarfnist frekari rannsókna við, sbr. umfjöllun um Urriðafossvirkjun (31) hér að framan. Með vísan til þess að afla þurfi frekari upplýsinga um hvaða áhrif Hvammsvirkjun (29) og Holtavirkjun (30) muni hafa á laxfiska í Þjórsá er með þingsályktunartillögu þessari lagt til að virkjunarkostirnir verði flokkaðir í biðflokk. Varúðarsjónarmið liggja að baki þeirri tillögu. Frekari rannsóknir þurfa að leiða nánar í ljós hvaða áhrif framkvæmdirnar geti haft á laxfiska í ánni. Með hliðsjón af þeim rannsóknum leggur verkefnisstjórn til flokkun virkjunarkostanna að nýju í samræmi við lög nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Ekkert nýtt hefur komið fram sem skýrir hverjar afleiðingar Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjana í Þjórsá verða. Lítil þekking er á göngu- og staðbundnum stofnum urriða og bleikju í Þjórsá og er nauðsynlegt að rannsóknir á þeim verði stóráuknar. Í raun hefur opinberast á sl. þremur árum hve lítið er vitað um stofnstærðir og gönguhegðun fiska. Möguleg áhrif af virkjunum í Þjórsá eru hvergi nærri þekkt. Hugmyndir Landsvirkjunar um mótvægisáðgerðir vegna virkjananna þriggja þurfa að vera mun ítarlegri og hver áðgerð verði sérstaklega rökstudd í greinargerð um framkvæmd með tilvísun í viðeigandi rannsóknargögn og heimildir. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið af starfsmönnum Veiðimálastofnunar varðandi virkjanir eru mikilvægar grunnforsendur en ljóst er að meiri rannsókna og áætlana er þörf á hrygningarsvæðum, göngumöguleikum seiða, áhrifa rennslisbreytinga og á göngutímum lax og sjóbirtings. Nauðsynlegt er að betrumbæta áætlanir um rennslisstýringu sem taki tillit til þarfa laxfiska á mismunandi ævistigum. Jafnframt er nauðsynlegt að setja fram formlegar áætlanir um búsvæðaáðgerð og breytingar á farvegum.

Urriðafossvirkjun mun hafa áhrif á nánast öllu útbreiðslusvæði laxfiska í Þjórsá og er þar af leiðandi sérstaklega áhættusöm. Stífla vegna lóns við Heiðartanga mun án mótvægisáðgerða taka fyrir alla fiskgengd í Þjórsá og hindra aðgang að 78% náttúrulegra búsvæða og 88% allra búsvæða laxfiska.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár áskilur sér allan rétt til skaðabóta á hendur Íslenska ríkinu, Landsvirkjun og þeim sveitarfélögum sem hlut eiga að þessu máli.

Með þessum virkjunum í orkunýtingarflokk er verið að leggja til að framkvæmt verði tilrauna- og rannsóknarverkefni í ánni. Í raun er þá lífríki Þjórsár lagt undir svo mögulegt sé að komast að því hver verði áhrifin. Hvort niðurstaðan verði sú að slík tilraun muni staðfesta það sem haldið hefur verið fram um þekkingarskort á lífríki Þjórsár mun koma í ljós verði af framkvæmdum. Að setja þessar virkjanir í nýtingaflokk er ófaglegt, ólöglegt og lítilsvirðing við náttúru Íslands.

Stöðulfelli 10.febrúar 2015

Oddur Bjarnason formaður Veiðifélags Þjórsár